

28. gr.

100

Á næstu fimmtán árum eftir að lög þessi ganga í gildi má með úrskurði ráðherra heimila landeiganda að kaupa skógarítak, sem í jörð hans er. Vilji landeigandi ekki nota heimildina, má heimila eiganda ítaksins að kaupa land það, sem ítakið nær yfir.

14. maí

Rísi ágreiningur um kaupverð ítaks eða lands, skal hvorttveggja metið af tveim dómkvöddum mönnum og sala fara fram samkvæmt því. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat þriggja dómkvaddra manna.

Vilji hvorugur aðila, ítaks- eða landeigandi, nota ofangreindar heimildir, getur skógræktarstjóri, með samþykki ráðherra, látið dómkveðja tvo menn til þess að skipta landi og skógi þannig, að aðilar fái land með skógi í hlutfalli við það, sem verðmæti lands og ítaks er metið. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat. Kostnaður við mat og skipti greiðist af aðilum í hlutfalli við eign þeirra í því, sem skipt hefir verið.

29. gr.

Eftir staðfesting þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

VI. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o. fl.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—2000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 frá 24. nóv. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, og lög nr. 13 frá 7. maí 1928, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

101

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.].

14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu, þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitiland jarð-

